

instrumentis verði skipt milli Akrakirkju og Kolbeinsstaðakirkju eptir fólkstölu á 26
bœjum þeim, er leggjast til hvorrar kirkjunnar um sig, að tiltölu rjettri. 13. febr.

— **Umburðarbrjef biskups til allra prófesta um hjeraðsfundaskýrslur.** — Af því 27
að skýrslur þær, um gjörðir hjeraðsfunda, sem hjeraðsprófastar samkvæmt lögum um 16. febr.
stjórn safnaðarmála og skipun sóknarnefnda og hjeraðsnefnda 27. febr. 1880 12. grein
eiga ár hvert að senda hingað, hafa að því leyti verið mjög mismunandi, að sumir
prófastar skýra ítarlega frá gjörðum tjeðra funda, en aðrir minnst að eins stuttlega á
úrslit málanna, og með því að það er nauðsynlegt, að föst regla komist á þetta og að
áminnstar skýrslur og ályktanir hjeraðsfundanna sjeu sem orðfyllstar, vil jeg með þessu
brjefi mínu þjónustusamlega skora á yður, herra prófastur, að senda hingað eptirleiðis
ár hvert orðrjett og af yður staðfest eptirrit af gjörðum hjeraðsfundarins það ár í yðar
prófastsdæmi eptir fundabókinni.

Jeg skal einnig geta þess, að þegar er að ræða um þau mál, sem sjerstaklega
snerta einhvern söfnuð í prófastsdæminu og hjeraðsfundurinn hefir tekið ályktun um,
þarf ákvæði sóknarnefndar þeirrar, sem hlut á að máli, að fylgja hjeraðsfundarskýrslu-
inni, svo það sjáist, að ályktanin riði ekki í bága við vilja safnaðarins, því svo getur
staðið á, að atkvæði safnaðarfulltrúans á hjeraðsfundinum þyki ekki taka af öll tvímæli
í þessu tilliti, og það tefur úrskurð málsins, að verða eptir á að leita álits sóknar-
nefndarinnar um það.

— **Brjef landshöfvingja til þorvaldar kennara Thoroddsens um náttúrufræðislegar 28**
rannsóknir. — Af fje því, sem með 16. gr. fjárlaganna fyrir 1882 og 1883 er veitt til 16. febr.
vísindalegra og verklegra fyrirtækja, hefi jeg veitt yður allt að 1000 kr. upphæð, til
þess að ferðast um Múlasýslur og gjöra þær vísindalegu rannsóknir, er þjer ræðið um í
brjefi yðar 10. janúar þ. á., og sömuleiðis 500 kr. til að kaupa fyrir verkferi þau, er
nauðsynleg eru til þessara rannsókna. En jeg vil bæta því við, að veiting þessi er því
skilyrði bundin, að þjer á ferð þessari rannsakið nákvæmlega silfurbergsnáma þá, er
landssjóður á í Helgustaðafjalli, og að þjer takizt á hendur að standa fyrir þeirri til-
raun til að vinna námamann, sem gjöra á í sumar komanda samkvæmt brjefi ráðgjafans
30. maí f. á. Brjef þetta er prentað í Stjórnartíðindunum fyrir 1881, B. 66, og vil
jeg taka fram, að tilgangurinn með þessa tilraun er sá, að kynna sjer bæði ástand
námans sjálfs, kostnaðinn við að vinna hann, svo og um verðlag og sölu þess, er úr
honum kann að vinnast. Um söluna og verðlagið mun það, er þörf er á, verða í ljós
leitt í Kaupmannahöfn með aðstoð Johnstrups prófessors, og að því er til þess atriðis
kemur, mun yðar hlutverk verða það, að sjá um, að frá hinu betra (gagnsæja) silfur-
bergi, sem vinnast kann úr námanum, verði forsjálega gengið í kössum, og að annast
um, að kassarnir verði sendir til Kaupmannahafnar með gufuskipinu með áskript til
ráðgjafans og með skýrslu um, hvað í hverjum kassa er. Sjálfur námagröpturinn skal
fram fara eptir yðar fyrirsögn, og skal svo mikið grafið, sem þjer álltið þörf á til þess
að komast að fastri niðurstöðu, bæði um ástand námans og um kostnaðinn við að
vinna hann, þannig að þjer treystizt til að koma fram með ákveðna tillögu um, á hvern
hátt þjer álltið arðsamast fyrir landssjóðinn að vinna náma þennan. Þegar svo graptar-
tilraun þessari er lokið, ber yður að senda mjer nákvæma skýrslu um hana ásamt til-